

Fundargerð stjórnar Fíh

12. fundur stjórnar Félags Íslenskra Hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2021 – 2022 miðvikudaginn 4. maí 2022 kl. 09:00-16:15

Mættir: Ásdís M. Finnbogadóttir, Gísli Níls Einarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björg Sigurðardóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

Gestir: Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri Fíh, Kristjana E. Guðlaugsdóttir sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs Fíh og Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagssviðs Fíh.

Til afgreiðslu

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin samþykkt.

Til umræðu

2. Þróun úthlutanna úr styrktarsjóði Fíh.

Fjármálastjóri fór yfir þróun úthlutanna úr styrktarsjóði Fíh. Hækkunin innan sjóðsins hefur verið í stökkum síðan árið 2015 eða alls 29% hækkun undanfarin sjö ár á hvern einstakling.

Þróun úthlutanna úr styrktarsjóði hefur þrefaldast frá árunum 2017-2021. Á sama tímabili hefur fjöldi hjúkrunarfræðinga hjá Virk tvöfaldast, auk þess hefur fjöldi umsókna til styrktarsjóðsins tvöfaldast.

Aukning er í umsóknum um fæðingarstyrk en upphæð styrksins hefur haldist í stað.

Umsóknum um heilbrigðisstyrk hefur einnig fjölgað milli árána 2020 og 2021.

Upphæðin hefur hækkað um leið og ásókn aukist. Heilsustyrkurinn var 25.000 kr. árið 2016 en 60.000 kr. árið 2021 eða hækkun því um 35.000 kr. á fimm árum.

Mjög mikil aukning hefur verið í sjúkradagpeninga. Upphæðin fyrir allt árið 2017 var 38,3 milljónir en fyrir árið 2021 var upphæðin 114,6 milljónir eða aukning um 76,3 milljónir á fjórum árum. Úthlutun úr styrktarsjóði fyrstu fjóra mánuði ársins í ár er þegar orðin 47,6 milljónir.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn þakkaði fjármálastjóra fyrir greinagóðar upplýsingar. Stjórn ítrekaði áhyggjur sínar af vaxandi fjölda hjúkrunarfræðinga sem þurfa á aðstoð styrktarsjóðs að halda og telur það endurspegla álagið sem hjúkrunarfræðingar búa við í störfum sínum.

3. Áherslur í starfi stjórnar fyrir starfsárið 2022-2023.

Kjaramál og starfsumhverfi eru meginverkefni ársins. Ályktanir til aðalfundar 2022 þurfa m.a. að endurspegla þetta. Áherslur Fíh í starfsáætlun næsta árs koma inn á starfsumhverfi, kynbundin launamun stéttarinnar, lagasetningu um mönnunarviðmið, áherslur á að bæta kjör stéttarinnar, ásamt fleiri atriðum.

Yfirkafar starfsáætlunarinnar verða: Forysta til árangurs, hjúkrun og samfélagið, kjaramál og starfsumhverfi og að lokum þjónusta og fræðsla.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn setti saman áherslur starfsáætlunar Fíh fyrir árið 2022-2023.

Starfsáætlun samþykkt og verður lögð fyrir aðalfund 12. maí.

4. Undirbúningur ályktanna fyrir aðalfund 12. maí 2022

Stjórn undirbjó ályktanir sem lagðar verða fram fyrir aðalfund Fíh þann 12. maí næstkomandi.

Ályktanir að þessu sinni verða alls sex talsins og fjalla um;

1. Vöntun á hjúkrunarfræðingum til starfa.
2. Kröfu um leiðréttingu á kynbundnum launamun.
3. Breytingar á lögum um mönnunarviðmið í heilbrigðiskerfinu til að tryggja öruggara starfsumhverfi og betri gæði heilbrigðisþjónustunnar.

4. Lagabreytingar í tengslum við tilkynningar, rannsókn og málsmeðferð alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu.
5. Mikilvægi þess að skipa stöðu yfirhjúkrunarfræðings í efsta lagi stjórnsýslunnar í samræmi við tilmæli Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar, WHO.
6. Að tryggja verði greiðslupátttöku sjúkratrygginga í heilbrigðisþjónustu sem veitt er af hjúkrunarfræðingum á sama hátt og hjá öðrum heilbrigðisstéttum.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn fór ítarlega yfir ályktanirnar og samþykkti að leggja umræddar sex ályktanir fyrir aðalfund Fíh þann 12. maí næstkomandi.

5. Umsóknir um stofnun deilda

Á síðasta fundi stjórnar Fíh lágu fyrir tvær beiðnir um stofnun nýrra deilda innan Fíh og var haft samband við báðar undirbúningsdeildir með athugasemdir milli funda.

- a) Karladeild Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Undirbúningsnefnd karladeildar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga skilaði inn endurbótum og til stjórnar Fíh.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkti að leggja fyrir aðalfund að stofnað verði formlega karladeild innan hjúkrunar.

- b) Fagdeild hjúkrunarfræðinga á landsbyggðum.

Undirbúningsnefnd fagdeildar hjúkrunarfræðinga á landsbyggðum skilaði inn endurbótum og til stjórnar Fíh.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn Fíh fagnar því að hafinn sé undirbúningur að stofnun fagdeildar er lýtur að landsbyggðarhjúkrun (e. rural nursing). Var brugðist við ábendingum að einhverju leyti. Stjórn Fíh taldi þörf á frekari undirbúningi áður en hægt væri að leggja gögnin fyrir aðalfund Fíh. Má þar nefna sem dæmi misræmi milli 1., 2. og 3. greinar starfsreglna um nafn og tilgang fagdeildarinnar. Beiðninni var því hafnað en á sama tíma hvetur stjórn Fíh hjúkrunarfræðinga til að halda áfram undirbúningsvinnu og hafa þá samráð við sviðsstjóra fagssviðs á meðan á vinnunni stendur.

6. Afgreiðsla hvatningarstyrkja

Formaður kynnti tilnefningar hjúkrunarfræðinga til frumkvöðla í hjúkrun. Hvatningarstyrkirnir eru ætlaðir til frumkvöðla í þróun og eflingu hjúkrunar á Íslandi. Um var að ræða fjóra styrki að upphæð 500.000 kr.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn fór yfir tilnefningarnar og ákvað að veita alls fimm styrki til frumkvöðla í hjúkrun að heildarupphæð 2.500.000 kr. Afhending styrkjanna fer fram á aðalfundi Fíh þann 12. maí næstkomandi.

7. Fréttir frá kjara- og réttindasviði

Sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs fór yfir stöðu kjaramála. Ljóst er að vinnuálag og þreyta í starfi einkennir stöðu hjúkrunarfræðinga í heilbrigðiskerfinu í dag og veldur það miklum áhyggjum.

Aðeins einn stofnanasamningur er eftir til samþykktar en vinna við hann er langt kominn.

Verkefnið Betri vinnutími hefur verið í gildi í eitt ár. Á þeim tíma hafa komið fram ýmis atriði sem þarf að taka inn í endurskoðun verkefnisins.

Framundan í maí eru heimsóknir kjara- og réttindasviðs með formanni um landið. Tilgangurinn er að heyra í félagsmönnum eftir veturinn, taka stöðuna eftir Covid-19 faraldurinn og ræða sumarið framundan. Kjarakönnun verður gerð í haust, í október verður haldin kjararáðstefna og einnig verður ný fundarröð farin um landið. Þetta eru liðir í undirbúningi fyrir komandi kjarasamningsviðræður.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn þakkaði sviðsstjóra fyrir góða og upplýsandi samantekt.

8. Fréttir frá fagsviði

Sviðsstjóri fagssviðs fór yfir helstu verkefnin en það stærsta nú er aðalfundur Fíh þann 12. maí næstkomandi. Þá fara í fyrsta skipti fram rafrænar kosningar sem gera félagsmönnum kleift að taka þátt í kosningum óháð því hvort þeir eru á Teams eða á staðnum. Búið er að gera fræðslukönnun og dagskrá fyrir komandi fræðslufundi og eru þarfir og óskir félagsmanna hafðar þar að leiðarljósi. Hjúkrunarþingi var frestað fram til október.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn þakkaði sviðsstjóra fyrir góða og upplýsandi samantekt.

9. Endurskoðun launa stjórnar, sjóða og nefnda.

Laun stjórnar, sjóða og nefnda hafa ekki verið endurskoðun eftir síðustu samninga og var núgildandi launaröðun samþykkt á aðalfundi 2018. Stjórn Fíh ákvað að leggja fyrir aðalfund tillögu að nýrri launaröðun sem byggir á meðaltals launaflokki. Fyrir nefndir og sjóði er það meðaltals launaflokkur almennra hjúkrunarfræðinga (10-5) en fyrir stjórn félagsins er það meðaltals launaflokkur stjórnenda (14-5). Um er að ræða þá hækkun um 1 flokk og 1 þrep sem er sambærilegt við hækkunir síðustu samninga.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögur um launahækkunir.

10. Stuðningur við flóttafólk frá Úkraínu.

Stjórn hafði áður samþykkt að lána íbúð félagsins að Sóltúni í verkefnið að taka á móti flóttafólki vegna stríðsins í Úkraínu. Utanríkisráðuneytið hefur enn ekki þegið íbúðina þar sem betur gengur að fá húsnæði fyrir flóttamenn en reiknað var með.

Afgreiðsla: Umræður í stjórn um hvort eigi að bjóða fram annars konar aðstoð og mun formaður láta kanna það frekar hjá ráðuneytinu hvers konar aðstoð það gæti verið.

11. Aðalfundur Fíh 12. maí 2022

Framundan er aðalfundur félagsins og ræddu stjórnarmeðlimir frekari undirbúning hans. Ánægjulegt er að yfir 100 manns eru þegar skráðir á fundinn.

Afgreiðsla: Stjórnarmeðlimir skiptu með sér verkum á aðalfundi og taka frekari undirbúning undir aðalfundinn á Teams.

Til upplýsinga

Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:15

Næsti fundur stjórnar Fíh er aðalfundur félagsins sem haldinn verður þann 12. maí
Guðný Birna Guðmundsdóttir ritari stjórnar Fíh.